



## Briem, E.P

Bjarni Benediktsson – Briem, E.P – Hagfræðingar - Leshringur

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmálamaðurinn

Askja 2-5, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því ergi 7/3. og tilkynni að  
eg verð: með.

Hr. professor Bjarni Benediktsson,  
Laugaveg 18 a,  
Rvík.

E. P. BRIEM

BÓKAVERSLUN

AUSTURSTRÆTI 1 — REYKJAVÍK  
SÍMI 2726 — SÍMNEFNI: EPÉBÉ

4. mars 1935.

Nokkrir hagfræðingar hafa tekið sig saman um að mynda leshring í bókum um viðskiftmál og stjórnsmál, þannig að tækifæri verði til að kynnast nýjusta erlendum bókum á þessum sviðum, án þess að hver einstakur purfi að kaupa þær bækur, sem hann vill lesa.

Þeir hafa beðið mig um framkvæmd á þessu, og verður fyrirkomulagið haft þannig:

12 menn eru í hringnum. Verða valdar 24 bækur, og getur hver meðlimur haft tvær bækur í hálfan mánuð. Bækurnar verða færðar yður og sóttar til yðar annahvern mánuðag, þar til allir hafa fengið allar bækurnar. Jeg sje einnig um innheimtuna. Þegar bækurnar eru útgengnar, verður dregið um þær, þannig að hver meðlimur eignast tvær af bókunum. (Drátturinn verður auðvitað undir kontrol - eins og í Happdrættinu!).

Nú sendi jeg yður skrá yfir þær bækur, sem hafa verið valdar. Flestar eru þetta nýjar bækur og allar innbundnar, og í hlífðar-kápu. Ef þjer hafið einhverja athugasemd að gera við bókavalíð, getið þjer strikað yfir tvær bækur, sem þjer viljið síst, og bætt við öðrum, sem þjer viljið helfur. Verður þá tekið tillit til þess, og skift um bækur.

Bátttakan í þessum leshring kostar ca. kr. 25.00, þ.e. þjer lesið bókina fyrir rúma eina krónu! (auk þess eignist þjer tvær bækur, sem kosta að meðaltali rúml. kr. 11.00 hver). Ef þjer hugsið yður að taka þátt í þessum leshring, purfið þjer vinsamlegast að tilkynna mjer það pr. síma eða á annan hátt fyrir fimtugagskvöld þ. 7. mars, einnig ef þjer æskið að breyta eitthvað um bækur á meðfylgjandi lista. Bækurnar verða síðan sendar í umferð í lok marsmánaðar.

Virðingarfylst,

E.P.Briem

# E. P. BRIEM

BÓKAVERSLUN

AUSTURSTRÆTI 1 — REYKJAVÍK  
SÍMI 2726 — SÍMNEFNI: EPÉBÉ

Hr. próf. Bjarni Benediktsson

Laugaveg 18 A  
R V I K

Viðvíkjandi hagfræðibókaleshringnum:

Jeg hefi átt tal við nokkra menn í hagfræðibókaleshringnum, og mér hefir virst sem almennt sambomulag veri um, að hálfur mánuður sé of skammur tími til að komast yfir þær tvær bækur, sem hver far i hvert skifti.

Hinsvegar tel eg að ekki geti verið um að reða, að páttakendur hafi bækurnar lengur en þrjár vikur í hvert sinn, en þar sem hinsvegar nokkrar af bókunum eru "standard" rit, sem engan veginn verða lesnar ofan í kjölinn á svo skömmum tíma, þá vil eg stinga upp á, að bækurnar verði allar geymdar á einum stað, eftir að hrингferðin er búin og áður en þeim verður skift upp, svo að páttakendur geti fengið þær bækur aftur, sem þeir geta ekki lokið við að fullu á hinum tilsetta tíma. Um þetta má þó reða síðar.

Jeg mun skifta í hrингnum föstudaginn 17. maí og vil eg melast til að páttakendur geri því fólkni aðvart, sem á að afhenda bækurnar á heimilum þeirra. — Næst verður skift föstudaginn 7. júní og síðan þriðja hvern föstudag.

Virðingarfylst

